

Til þess að tryggja starfsánægju starfsmanna sinna ætlar Akureyrarbær

Nýtt starfsfólk

að taka vel á móti nýju starfsfólki

- með því að**
 - allt nýtt fastráðið starfsfólk fari á nýliðanámskeið þar sem það er frætt um starfsemi og markmið Akureyrarbæjar ásamt réttindum sínum og skyldum
Ábyrgð: Starfsmannþjónusta og stjórnendur
 - tryggja að starfsfólk fái allar nauðsynlegar upplýsingar og kynningu á vinnustaðnum
Ábyrgð: Stjórnendur
 - stjórnendur hafi aðgang að og noti gátlista um móttöku nýrra starfsmanna
Ábyrgð: Starfsmannþjónusta

Starfsþróun

að gera starfsfólki kleift að þróast í starfi

- með því að**
 - starfsfólk hafi innsýn í og áhrif á þróun vinnustaðarins og eigin starfsskilyrði með góðu aðgengi að næsta yfirmanni og hafi tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri
Ábyrgð: Stjórnendur og starfsfólk
 - tryggja jafnræði við starfsþróun
Ábyrgð: Stjórnendur

Samkennd og gagnkvæm virðing

að stuðla að því að starfsfólk sýni samstarfsfólki og stofnunum /vinnustöðum Akureyrarbæjar virðingu og komi fram af heilindum

- með því að**
 - hvetja til heimsóknna og kynninga milli vinnustaða Akureyrarbæjar
Ábyrgð: Stjórnendur og starfsfólk
 - starfsfólk geti komið ábendingum og hugmyndum er varða málefni innan Akureyrarbæjar á framfæri m.a. á starfmannavef Akureyrarbæjar- <http://eg.akureyri.is>
Ábyrgð: Starfsmannþjónusta
 - hafa hugfast að *við vinnum öll hjá sama vinnuveitanda, Akureyrarbær*
Ábyrgð: Allt starfsfólk Akureyrarbæjar

Fjölskylduvænn vinnustaður

að stuðla að því að vinnustaðir séu fjölskylduvænir þannig að starfsfólk geti samræmt starfs- og fjölskylduábyrgð

með því að

- gefa starfsfólki kost á hlutastörfum, sveigjanlegum vinnutíma og vinnuaðstæðum eftir því sem verkefni og aðstæður leyfa
Ábyrgð: Allt starfsfólk Akureyrarbæjar
- gera starfsfólki kleift að minnka starfshlutfall tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar, t.d. umönnunar barna eða veikinda í fjölskyldunni
Ábyrgð: Stjórnendur
- hvetja bæði kyn til að nýta fæðingarorlof
Ábyrgð: Stjórnendur
- hvetja foreldra til að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna
Ábyrgð: Stjórnendur
- skapa starfsfólki möguleika á samfelldum starfsferli og koma til móts við þarfir hvers og eins t.a.m. vegna aldurs, breytinga á persónulegum högum og starfsgetu
Ábyrgð: Stjórnendur

Vinnuvernd

að stuðla að því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum Akureyrarbæjar séu til fyrirmyndar

með því að

- allir vinnustaðir Akureyrarbæjar geri skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað (skv. lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980) og framfylgi henni
Ábyrgð: Stjórnendur, öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn
- hvetja starfsfólk til að stunda heilbriggt líf og leita tilboða fyrir starfsfólk í heilsurækt
Ábyrgð: Stjórnendur og hagþjónusta
- halda yfirvinnu innan hóflegra marka af vinnuverndar- og fjölskylduástæðum og fara eftir gildandi reglum um yfirvinnu
Ábyrgð: Stjórnendur og starfsfólk
- koma í veg fyrir einelti og kynferðislega áreitni á vinnustað með fræðslu, reglum og markvissri meðferð þeirra mála sem upp kunna að koma
Ábyrgð: Stjórnendur, starfsfólk og starfsmannþjónusta

Starfslok

að undirbúa starfslok vandlega

með því að

- eiga starfslokasamtöl við starfsfólk til að tryggja að starfsþekking haldist innan vinnustaðarins og greina ástæður þess að starfsfólk hættir
Ábyrgð: Stjórnendur
- bjóða starfsfólki sem nálgast starfslok vegna aldurs námskeið til að undirbúa þessi tímamót
Ábyrgð: Starfsmannþjónusta og stjórnendur